



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (gildisdagsetningar, virðisaukaskattsskylda alþjóðaflugvalla o.fl.).

Samráð hófst

19.11.2018.

Samráði lauk

25.11.2018.

Fjöldi umsagna

3.

Umsagnaraðilar

Samtök ferðaþjónustunnar, Isavia, ríkisskattstjóri og tollstjóri.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við embætti fjársýslu ríkisins, ríkisskattstjóra, tollstjóra, Isavia ohf. og Samtök ferðaþjónustunnar. Frumvarpið var kynnt á vettvangi ráðuneytisstjóra 23. ágúst sl. og almenningi og hagsmunaaðilum í opinni samráðsgátt ráðuneytanna dagana 19.–25. nóvember. Umsagnir bárust frá Isavia ohf., ríkisskattstjóra, Samtökum ferðaþjónustunnar og tollstjóra. Bæði Isavia ohf. og Samtök ferðaþjónustunnar fögnuðu þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi virðisaukaskattsskyldu rekstraraðila alþjóðaflugvalla hér á landi. Þá lýstu Samtök ferðaþjónustunnar yfir ánægju með fyrirhugaða heimild ferðaþjónustuaðila til að færa innskatt vegna torfærubifreiða og endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra gerðu athugasemdir við framsetningu nokkurra ákvæða frumvarpsins, meðal annars ákvæða sem varða dráttarvexti og gildisdagsetningar. Í ljósi þeirra gerði ráðuneytið nokkrar breytingar á orðalagi.

Skjal að loknu samráði

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0592.html>.